

Benning IT130

Mæling

Stilling

IT kerfi eru ekki til á Íslandi

Framkvæmd

Kröfur

Niðurstöður

Einangrun neysluveitu	Riso	Það þarf að byrja á að slá öllu út (gera straumlaust) svo þarf að ganga úr skugga að allt sé komið úr sambandi þ.e.a.s. Öll tæki og búnaður sem ekki þolir Meggun. Þegarbyrjað er að mæla þarf að stilla mælispennu á 500V s.b. IST 200. Það er gert með því að ýta á <-- --> síðan er nota upp og niður örvarnar til þess að velja spennu. Annað hvort er mælt með testpenna eða það er mælt með 3ja pinna mælisnúru þar sem pe/l3 og l2/N er tengt saman og sett á jörð. Síðan þarf að færa L1 pinna á milli allra fasa og núll sem allt er mælt til jarðar (alltaf mælt neðan á lekaliða með öll öryggi inni). Undantekninginn er mæling á mótör: þegar mæla þarf hvort að brunnið sé á milli fasa. Þá er byrjað að mæla alla fasa til jarðar síðan er mælt á milli fasa í mótörnum (Alltaf spennulaust ekki gleyma því)	Mæling má ekki fara niður fyririr 1Moh en í eldri stöðlum var leyft 0,5Moh	Mæling á alltaf að sína 999Ω miðað við að allt sé í lagi
Skammhlaupsstraumur neysluveitu	(lesið út eftir Zs L-PE mælingu)			
Hringrásarviðnámsmæling Neysluveitu	Zs L-PE	Þarf að byrja að stilla hvort það sé lekaliði á greininni sem verið er að mæla og er það gert með örvunum upp og niður (í þessari mælingu erum við alltaf fyrir aftan lekaliða). Ef það gleymist þá fæst ekki mæling á hringrásar viðnámið (og lekaliðinn slær út). Til þess að stilla stærð öryggisins á greinini er ýtt á <-- --> og þar er valið með upp og niður örvum hvaða týpa af öryggi þetta er (gl/gg, K, B, C og D) Aftur er ýtt á <-- --> og valið stærð öryggisins með upp og niður örvunum.	Mælt frá tengli eins langt frá töflu og mögulegt er.	Hér fáum við Hringrásarviðnám Neysluveitu ásamt skammhlaupsstraumi.
Skammhlaupsstraumur Rafveitukerfis/aðaltöflu	(lesið út eftir Zs L-PE mælingu)			
Hringrásarviðnámsmæling Rafveitukerfis/aðaltöflu	Zs L-PE	Hér er verið að mæla fyrir framan NeoZed eða á inntaki stofns. Það er gert með því að setja saman L3/PE og L2/N og verður hann að PE/N sem lagður er á PEN leiðara í töflu. L1 pinni er setur á fasa á mótí PEN leiðara og mælt með Zs en gætið þessi mæling þarf að vera með stillingu Zs án RCD. Í greinatöflu er sama mæling nema fyrir framan Lekaliða.		Hér fáum við Hringrásarviðnám Rafveitu ásamt skammhlaupsstraumi.
Skammhlaupsstraumur Spennuj./Jarðsk.	(lesið út eftir Zs L-PE mælingu)			
Hringrásarviðnámsmæling Spennuj./Jarðsk.	Zs L-PE	Hér er mjög miklivægt að Kerfið okkar sé spennulaust því næst er aftengt PEN leiðari frá veitukerfi inná skinnuna okkar. Því næst er tekinn sameiginlegi PE/N pinni og lagður á PEN skinnu töflunar. L1 pinni er lagður á fasa frá veitukerfi.		hér má mælinginn ekki vera hærri en 10Ω
Sjálfvirk útleysing varbúnaðar	FI/RCD	Hér er stillt á RCD I með upp og niður örvunum. Eftir það notum við <-- --> til þess að stilla útsláttar straumur lekaliðans sem á að mæla. Eftir það þarf að ýta aftur á <-- --> til þess að stilla hvort verið sé að mæla AC, A, F eða B lekaliða.		Hér fáum við I= útleysistraumurinn sem verður að vera undir 30mA Einnig fáum við T = útleysitíminn á lekaliðanum sem verður að vera undir 200ms. Ásamt þessu tvennu fáum við spennuhækkun við útleysingu = Uci Sem á að vera undir 10 V

$$10A \text{ öryggi þarf min Isk(Skammhlaupsstraumur)} = 5 \cdot \text{Öryggi}(10A) = 50 \text{ A}$$
$$Zs(\text{hringrásarviðnám}) = Uj \text{ (spenna til jarðar)}/Isk((\text{Skammhlaupsstraumur})$$
$$230/50=4,6\Omega$$